



# SÖNGTEXTAR



## 1. Ó, HEYR MÍNA BÆN

Ó, heyr mína bæn,  
Ó, heyr mína bæn.  
Er ég bið, svara mér.

Ó, heyr mína bæn,  
Ó, heyr mína bæn,  
Drottinn kom þú til mín

## 2. ÞÉR LÝÐIR LOFIÐ DROTTIN

Þér lýðir lofið Drottin  
Og tigníð nafnið hans (2x)

## 3. ER Í NÆRVERU ÞÍNA ÉG KEM

Er í nærveru þína ég kem,  
Er í nærveru þinni ég dvel  
Og ljósið þitt víkur skugga heimsins burt.  
Þá finn ég hjarta þitt gleðjast yfir mér,  
Er læt ég ást þína stjórna mér  
Og ljósið þitt víkur skugga heimsins burt.

∴ Ég lofa þig, ég lofa þig  
Því allt gafstu mér,  
Ég vil lofa þig∴

## 4. DROTTINN ER MINN HIRÐIR

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast  
Leiðir mig að vötnum  
þar sem ég má næðis njóta.

Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu,  
Fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því þú ert hjá mér.

Sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum.  
Þú smyr höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.

Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína  
Og í húsi Drottins bý ég langa ævi,  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

## 5. DAG Í SENN

Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammt af sæld og þraut.  
Sér til þess að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífsins braut

Hann sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg að Drottinn segir mér.  
Náðin mín skal nægja hverjum degi  
nú í dag ég styð og hjálpa þér

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartabeli hreinu  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvern eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

## 6. EITTHVAÐ STÓRKOSTLEGT

Eitthvað stórkostlegt, Eitthvað gott.  
Allan minn biturleik þú tókst á brott  
Allt, sem ég gat boðið þér,  
Var niðurbrotin sál  
En eitthvað stórkostlegt  
þú gerðir úr mér þá.

## 7. ÞÖKK SÉ ÞÉR, Ó GUÐ

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor  
Því þú ert góður

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor  
Hal—le—lu—ja!

## 8. VER MÉR NÆR, Ó GUÐ

::: Ver mér nær ó Guð ver mér nær :::  
Ó Guð ver mér nær.

::: Þegar græt ég Guð ver mér nær :::  
Ó Guð ver mér nær.

::: Er ég bið þig Guð ver mér nær :::  
Ó Guð ver mér nær.

::: Þegar syng ég Guð, ver mér nær :::  
Ó Guð ver mér nær

## 9. ÉG ELSKA ÞIG

Ég elska þig og ég tigna þig  
Ó, Drottinn Guð, sál mín gleðst í þér  
Megi söngur minn gleðja hjarta þitt  
Syngja vil ég lofgjörðarsöng fyrir þig

## 10. BARN ÞITT VIL ÉG VERA

Barn þitt vil ég vera  
víkja þér ei frá  
Blítt þér vil ég bera  
Það besta sem ég á  
Elsku mína alla, innst úr hjarta mér  
Andinn hrópar upp til þín  
Abba, faðir  
Greitt það aldrei get ég  
Sem gafstu fyrir mig  
Allt þitt líf og ást og trú  
Ég elska þig.



## 11. VIÐ

Við getum sungið, við getum dansað  
Við getum flogið, við erum frjáls  
Við getum elskað, við getum faðmað  
Allan heiminn af kærleika

Við erum falleg, við erum örugg  
Við getum brosað af kærleika  
Við erum elskuð, við erum föðmuð  
Við erum einstök, já við erum það

Við viljum þakka, þakka Guði  
Fyrir lífið eins og það er  
Við getum treyst því, full af gleði  
Við erum frábær, já við erum það.

Við viljum lifa og fyrirgefa  
Öllum mönnum í heimi hér  
Og Guði þakka fyrir lífið.  
Við erum einlæg, við erum við.

## 12. DÝRÐ SÉ ÞÉR

Dýrð sé þér, dýrð sé þér  
Guð í hæstum hæðum  
Dýrð sé þér, dýrð sé þér  
Hallelúja, hallelúja

Gloria, gloria in excelsis Deo  
Gloria, gloria  
Hallelujah, hallelujah



## 13. VIÐ LOFUM ÞIG OG TIGNUM

Við lofum þig og tignum  
Lútum þér og þökkum  
Söngur okkar ómar  
Hallelúja hljómar  
::: Hallelúja:::  
Amen

